

*Þýðing.*95
7. ág.

Stjórnarráð innanríkismálanna og stjórnarráð Íslands
annars vegar og
hið sameinaða gufuskipafjelag hins vegar
hafa í dag gert svofeldan

samning

um póstgufuskipaferðir milli Kaupmannahafnar og Íslands
um Leith og Færeyjar.

1. gr.

Fjelagið skuldbindur sig til að halda uppi stöðugum gufuskipasamgöngum milli Kaupmannahafnar og Leith annars vegar og Íslands hins vegar á þeim grundvelli, sem viðfest ferðaáætlunaruppkast sýnir.

Fyrir 10. október ár hvert skal fjelagið senda stjórnarráðunum til samþykktar frumvarp til ferðaáætlunar fyrir næsta ár.

Ekki mega viðkomur í Færeyjum vera tíðari en viðkomur millilanda-skipanna þar samkvæmt nógildandi ferðaáætlun, og skulu haldast fyrirmæli hennar um viðkomur skipanna eingöngu vegna póstflutnings. Hinsvegar má krefjast þess, að skipin komi eins oft við í Færeyjum eins og millilanda-skipin koma þar nú.

Um leið og hin árlega ferðaáætlun er samþykkt, skal samið nánara um hvort gufuskipið Botnia (eða það skip, sem kemur í hennar stað) skal leyst frá því að koma við í Vestmannaeyjum á ferðum sínum til og frá Reykjavík, eða að eins koma þar vegna farþega og póstflutnings.

2. gr.

Á skipunum skal vera 1. og 2. farrými. Fyrsta farrými skal auk þess fylgja sjerstakt kvennaherbergi.

Fyrsta farrými á að geta tekið 30 farþega að minsta kosti, og annað farrými á tveim skipunum um 50, og þriðja um 35 farþega. Skipin eiga að geta tekið minst 400 smálestir af vöruflutningi.

Skipin skulu vera að minsta kosti eins hraðskreið, eins stór og hafa eins mikil þægindi eins og þau, sem nefnd eru í ferðaáætlunaruppkastinu (þingskjal nr. 679), þó má setja gufuskipið Laura í stað gufuskipsins Vesta; gufuskipið Botnia eða annað jafnhentuglega útbúið skip með kælirúmi, sem er vel lagað til að flytja kjöt og nýjan fisk alla leið sem skipið fer, skal því fara 9 ferðir eins og til er tekið í uppkastinu. Verði þess krafist, er fjelagið skylt að setja kælivjel í gufuskipið Ceres eða það skip, sem kemur í hennar stað, gegn

sjerstakri þóknun úr landssjóði, er nemi 5000 eða 7000 kr. á ári, eftir því hvort krafist er 5000 eða 10000 teningsfeta kælirúm. **95**
7. ág.

Fjelaginu er ekki skylt að nota kælivjelina, nema sagt sje til fyrirfram kælirúmsflutnings fyrir minst 50 kr. fyrsta árið og 100 kr. síðar.

Gjaldskrá um fargjöld og farmgjöld skal samþykkt af stjórnarráðunum og mega gjöld þessi eigi vera hærri en til er tekið í samningi um gufuskipaferðir fyrir árin 1908 og 1909, bæði milli Danmerkur og Íslands og milli Leith og Íslands og hvora leiðina sem er.

Þó áskilur fjelagið sjer rjett til að hækka farþegagjald á Botniu eða því skipi, sem kemur í hennar stað, þó svo, að það verði eigi hærri en:

100 kr. í 1. farrými fyrir aðra ferð
og 65 — - 2. — — —

og fyrir ferð fram og aftur 170 og 115 kr.

Ennfremur áskilur fjelagið sjer rjett til að halda athugasemdum þeim, sem verið hafa í ferðaáætlunum og farmgjaldaskráum.

Fjelagið skal koma sjer saman við það fjelag, sem fær styrk til strandferðanna um farmgjaldsgreiðslu fyrir flutningsmuni til og frá viðkomustöðum strandferðaskipanna, þannig að farmgjaldið hækki ekki þótt skift sje um skip.

Ekki má hækka fargjald nje farmgjald milli tveggja staða, þótt skift sje um skip á leiðinni, en skyldur er þá farþegi að nota fyrsta skip, sem á að fara þangað, sem ferð er heitið.

Á ferðum þeim milli Íslands, Leith og Kaupmannahafnar, sem ræðir um í samningi þessum, skal veita alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum þá ívilnun í fargjaldi, að þeir geti ferðast í 2. farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslensku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða þá sýslumanni eða bæjarfógeta í sýslu þeirri eða kaupstað, þar er maðurinn á heima. Sömu ívilnun skal gera árlega 10—15 dönskum bændastjettarmönnum, er sýni vottorð frá stjórnarráði innanrikismálanna.

Loks skuldbindur fjelagið sig til að flytja innflytjendur frá Leith til Íslands fyrir sama fargjald eins og tekið hefir verið hingað til af farþegum í 3. farrými frá Íslandi til Leith.

3. gr.

Fjelaginu er skylt að flytja á öllum þeim ferðum, sem um er rætt í 1. gr., pósthutning allan, brjef og böggla og ber ábyrgð á öllum pósthutningum meðan hann er í vörslum skipsins, það er að segja frá því að skipverjar taka við honum og þangað til hann er fenginn í hendur þjónum pósthutningarinnar. Skal geyma hann mjög vandlega í lokuðu herbergi, nema brjefakassann, hann skal láta þar er allir geta að honum komist. Fjelagið ber ábyrgð á því tjóni, þeim missi eða þeim skemdum, sem pósthutningur kann að verða fyrir sökum þess að hans er illa gætt. Farist skip eða hlekkist því á, skal, svo sem framast er kostur á, reyna að bjarga pósthutningnum og flytja hann til næsta pósthúss.

95 Purfi maður að fylgja póstflutningi á skipinu sökum þess, hve mikill póstflutningur þessi er eða dýrmætur, fær hann ókeypis far bæði fram og aftur, en sjálfur verður hann að sjá sjer fyrir fæði.

4. gr.

Póstflutning skal afhenda á skipsfjöl og af samkvæmt skrá og gegn kvittun skipstjóra og hlutadeigandi póstembættismanns. Sýni viðtakandi, að póstflutningurinn sje ei samkvæmur skránni, skal sá er afhendir póstflutninginn skyldur að rita undir athugasemd þar að lútandi.

Pegar eftir komu gufuskipsins skal flytja póstflutning úr skipi, hvort sem það liggur við land eða fyrir akkerum á sjó úti, til næsta pósthúss, og skal fjelagið bera kostnað af flutningi þeim, nema í Kaupmannahöfn, þar verður póstflutningurinn sóttur. Sömu reglum skal fylgja um flutning póstflutnings á skip.

5. gr.

Fjelagið skuldbindur sig til að sjá um, að enginn skipverji eða nokkur maður annar flytji með sjer muni, er skylt er að senda með pósti. Sá er skiprækur, er slíkt er uppvíst um, og greiði að auki lögboðna sekt. Þó er skipstjóra vítalaut að flytja brjef um málefni skipsins frá útgerðarmönnum þess til afgreiðslumanna og þeirra í milli.

6. gr.

Fjelagið greiðir öll útgjöld, enda bera því öll fargjöld og farmgjöld.

Fyrir alt það, er fjelagið lætur í tje samkvæmt því, sem að framan er talið, fær fjelagið alls 40,000 — fjörutíu þúsund — krónur um árið úr rikissjóði, sem er þóknun sú, er Danmörk innir af hendi vegna póstgufuskipa til Íslands.

Þóknunin greiðist sem hjer segir svo framarlega sem fjelagið þá hefir fullnægt skuldbindingum sínum, 4000 kr. í aprilmán. og 4000 kr. hvern hinna mánaðanna á eftir, og afganginn, 4000 kr., þá er lokið er hinni síðustu ferð í desembermánuði.

7. gr.

Hamli is því, að skipið komist út frá Kaupmannahöfn á leið til Íslands í einhverri þeirri ferð, sem getur um í 1. grein, fellur sú ferð niður og skal draga frá ársþóknuninni 2500 kr. fyrir hverja ferð, sem fyrir þá sök ekki er farin.

Ef is tálmar því að lokið verði einhverri ferð í kringum Ísland og tilhlýðilegar sönnur er á það færðar af hálfu fjelagsins, skal ekki draga frá umsaminni ársþóknun.

En verði það ekki sannað, að is hafi tálmað ferð, sem fallið hefir niður að einhverju eða öllu leyti, eða fjelagið lætur mót von ekki fara umsamdar ferðir, greiðir það 1000 kr. sekt fyrir hverja ólokna ferð — nema skipi hafi hlekkst á, — og skal auk þess draga frá ársþóknuninni fyrir hverja ferð, sem ekki er lokið, kr. 2500 fyrir millilandiferð og 2400 krónur fyrir ferð í kringum landið.

8. gr.

95

7. ágúst

Samningur þessi gildir fyrir árin 1910—1919, að báðum árum meðtöldum, svo framarlega sem fjelagið fullnægir settum skilyrðum og ríkisþing Danmerkur veitir 40,000 kr. á ári sem póstillag til að halda uppi póstgufuskipaferðum til Íslands.

Eftir fjárhæðinni 10 sinnum 40 þúsund krónur, er stimpilgjaldið fyrir samninginn kr. 66,65, og greiðir hvor samningsaðili helming þess.

Samningur þessi er gerður í 3 samritum, og fá stjórnarráð þau, er samninginn hafa gert, og sameinaða gufuskipafjelagið sitt eintakið hvert.

Kaupmannahöfn, 7. ágúst 1909.

Stjórnarráð innanríkismálanna.

Stjórnarráð Íslands.

Klaus Berntsen.

Björn Jónsson.

Hollnagel-Jensen.

Jón Krabbe.

Hið sameinaða gufuskipafjelag,

hlutafjelag.

C. M. T. Cold.

Embættaskipun m. m.

1. septbr. skipaði ráðherrann cand. polit. Þorstein Þorsteinsson aðstoðarmann í stjórnarráðinu frá þeim degi að telja.

S. d. setti ráðherrann cand. juris Ara Jónsson til þess fyrst um sinn frá þeim degi að telja að gegna aðstoðarmannssýslan í stjórnarráðinu.

Laus sýslan.

Samkvæmt lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun váttryggingarþjelags fyrir fiskiskip, verður framkvæmdarstjóri Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum skipaður af ráðherra til næstu 5 ára.

Framkvæmdarstjóranum verður gjört að skyldu að setja veð, er stjórnarráðið nánara tiltekur, fyrir fje Samábyrgðarinnar, er honum verður trúað fyrir.

Árslaun 3,500 kr.

Auglýst laus 16. september 1909.

Umsóknarfrestur til 20. október 1909.